

Framleiðsla tæknibúnaðar meiri en útflutningsverðmæti þorsklaka

Ný greining Íslenska sjávarklasans á stöðu tæknifyrirtækja, sem tengjast sjávarútvegi, sýnir að staða margra þeirra hefur aldrei verið jafn sterk og nú. Tíu stærstu fyrirtækin juku veltu sína umtalsvert á milli árunna og nam velta þeirra á árinu 2018 um 42 milljörðum króna (adeins sú velta sem tengist sjávarútvegi og fiskeldi). Veltuaukningin var tilkomin bæði með sölu búnaðar sem og samruna við önnur fyrirtæki. Velta annarra fyrirtækja, sem eru samkvæmt athugun Sjávarklasans um 65 talsins, var um 40 milljarðar og óx um 7% á árinu 2018.

Árið 2018 má því segja að sé fyrsta árið í sögunni þar sem sala tæknibúnaðar og annars búnaðar frá íslenskum fyrirtækjum, sem mest megnis er á erlenda markaði, er meiri en sem nemur sölu á þorsklökum frá Íslandi.

Fleiri tæknifyrirtæki eru að stækka umtalsvert og ná öflugri fótfestu á erlendum mörkuðum. Þrátt fyrir harða samkeppni hafa mörg minni fyrirtækin haldið vel sínum hlut og í sumum tilfellum vel það.

Í fáum útflutningsgreinum, eins og þeirri sem hér er til skoðunar, hafa fyrirtækin nýtt jafn vel þau tækifæri sem felast í fjórðu iðnbyltingunni. Þá eru að koma fram ný tæknifyrirtæki, m.a. í rekjanleika, DNA greiningum og umhverfisstjórnun sem enn bæta þá fjölbreyttu flóru tæknifyrirtækja sem starfrækt eru á þessu sviði hérlendis.

Eins og áður hefur óvissa innanlands, loðnubrestur, verkföll og önnur óáran, áhrif á tæknifyrirtækin en þó misjafnlega mikið.

Sjávarklasinn hefur gert árlegar samantektir á þróun tæknifyrirtækja sem tengjast sjávarútvegi. Í athugunum klasans er aðeins horft til fyrirtækja sem hanna, framleiða og flytja út tæknibúnað, annan búnað eða þjónustu til erlendra útgerða eða fiskeldisfyrirtækja. Samkvæmt athugunum klasans er um 65 fyrirtæki að ræða.

Í greiningum klasans hafa fyrirtæki í umbúðaiðnaði hvers konar sem tengjast sjávarútvegi verið meðtalin. Mörg þessara fyrirtækja hafa þróað umbúðir og fleira sem eru á heimsmælikvarða. Innflytjendur ýmissa tæknilausna eru ekki meðtaldir í þessari samantekt. Slíkir aðilar sinna mikilvægu hlutverki fyrir íslenskan sjávarútveg en hér er fyrst og fremst horft til íslenskrar tækniþekkingar sem nýst getur til aukinnar útrásar tækniþekkingar á komandi árum.

Á þeim sjö árum, sem liðin eru frá því klasinn hóf þessa vinnu hefur orðið gríðarleg breyting á þessari atvinnugrein; mörg fyrirtækjanna hafa stækkað, tækninni hefur vægast sagt fleygt fram og samkeppni aukist. Líklega hefur afdrifaríkasta breytingin í þessari grein verið hvernig upplýsingatækni varð samtvinnuð allri vinnslu og veiðum. Þar með varð ljóst að öll fyrirtæki sem höfðu áður byggst upp á þekkingu í járnsmíði og tiltölulega einföldum vinnslulínum þurftu að einblína mun meira á hugbúnað. Með aukinni sjálfvirknivæðingu varð einnig aukin krafa um nýtingu gervigreindar og að lausnir væru heildstæðar. Í kjölfarið stækkuðu þau fyrirtæki ört sem gátu boðið heildstæðar lausnir og meiri sjálfvirknivæðingu en hin stóðu nokkurn veginn í stað.

Heildarvelta og staða einstakra greina

Tíu stærstu tæknifyrirtækin veltu 42 milljörðum króna á árinu 2018 en í öllum tilvikum var aðeins tekin með velta sem tengdist sjávarútvegi. Lang stærst er Marel, en þau fyrirtæki sem koma þar á eftir eru Skaginn 3X, Héðinn, Valka, Vaki, Curio, Naustmarine, Rafeyri og Samey. Þessi fyrirtæki eru með tæplega 1000 starfsmenn og þar af eru 80% þeirra starfandi á Íslandi.

Velta fyrirtækja í veiðarfærum, umbúða- og hverfisteypu fyrir fiskiðnaðinn, sem Sjávarklasinn hefur upplýsingar um, var um 30 milljarðar. Stór hluti þeirrar framleiðslu fer fram utan Íslands. Hjá þessum fyrirtækjum starfa um 1500 manns en bróðurpartur þeirra starfar utan Íslands hjá samstæðu Hampiðjunnar. Veiðarfæragerð hefur þróast mikið á undanförunum árum og eru forystufyrirtæki á því sviði orðin háþrúð tæknifyrirtæki. Þessi grein stendur traustum fótum hérlendis og skiptir þar mestu sterk staða Hampiðjunnar en önnur fyrirtæki í veiðarfæragerð halda einnig áfram að eflast.


Velta minni fyrirtækja, sem eru samkvæmt athugun Sjávarklasans um 40 talsins, var um 6-8 milljarðar og óx um 7% á árinu 2018.

Árið 2018 má því segja að sé fyrsta árið í sögunni þar sem sala búnaðar og tækni frá íslenskum fyrirtækjum, sem er að stórum hluta sala til erlendra aðila, er meiri en sem nemur sölu á þorsklökum frá Íslandi. Hafa ber í huga að stór hluti þessarar starfsemi, sérstaklega hjá Marel og Hampiðjunni, fer fram í öðrum löndum. Hér eru ekki meðtalin fyrirtæki í umbúðaframleiðslu og framleiðslu hverfissteyptra eininga en mörg þessara fyrirtækja hafa þróað tækni og vörur í heimsklassa og þau mætti vel skilgreina sem tæknifyrirtæki.

Þau stóru stækka og klösum fjölgar

Stóru eða meðalstóru tæknifyrirtækjunum hefur fjölgað og þau hafa einnig haft mun meira svigrúm en þau minni til að markaðssetja þjónustu sína og vörur erlendis. Á síðastliðnum árum hefur það tekist afar vel. Þar má sérstaklega nefna fyrirtækin Marel, Skagann3X, Völku og Curio í vinnslutækni, Frost hf í kælitækni, Hampiðjuna í veiðarfæragerð, Slippinn á Akureyri í vinnslutækni og þjónustu við erlend skip og Samhenta, Sæplast og Promens í hverfisteyptum afurðum og/eða umbúðum, svo einhver fyrirtæki séu nefnd.

Velta tæknifyrirtækja 2018



Það sem er áhugavert við þessi fyrirtæki er að flest þeirra hafa myndað í kringum sig eins konar klasa íslenskra þjónustu- og tæknifyrirtækja sem sinna sérhæfðri þjónustu við þau. Slippurinn á Akureyri er eitt dæmi um þetta. Verkfræði- og raftæknifyrirtæki, vinnslutækni- og kælifyrirtæki sem eru á Eyjafjarðarsvæðinu mynda eina heild og efla þjónustu fyrirtækisins við erlend útgerðarfyrirtæki. Um leið eru mörg þessara fyrirtækja komin í sjálfstæða útrás og í klasasamstarfi við önnur stór tæknifyrirtæki sem eru að selja heildstæðar lausnir utan Íslands.

Þessa sjálfstæðu klasamyndun í kringum fleiri öflug iðnfyrirtæki má líkja við þau áhrif sem fyrirtæki á borð við Marel og Össur hafa haft hérlendis um árabíl. Þessi fyrirtæki hafa gert sérhæfðum fyrirtækjum á ýmsum sviðum kleift að fjárfesta í þekkingu og búnaði sem síðan hefur nýst til að gera fyrirtækin, sem þau þjóna og þau sjálf, öflugri og betur samkeppnishæf á alþjóðamarkaði. Um leið hafa þau getað sinnt sérhæfðri þjónustu við önnur innlend fyrirtæki. Hér getur verið um að ræða margháttaða hugbúnaðarvinnu, geislaskurð, 3D prentun ofl. Þetta mætti með réttu nefna dæmigerð “kísildalsáhrif” í sjávarútvegi – sérhæfing eykst með aukinni alþjóðastarfsemi, nýsköpun eykst og svæðið allt eflist.

Stærstu tæknifyrirtækin

Tíu stærstu tæknifyrirtækin (einungis miðað við veltu í sjávar tengdri starfsemi) eru samkvæmt athugun Íslenska sjávarklasans:

Marel
Skaginn3X
Héðinn
Kælismiðjan Frost
Valka
Vaki
Curio
Naust Marine
Rafeyri
Samey

Þessi tíu stærstu fyrirtæki eru með veltu í sjávar tengdri starfsemi, samkvæmt athugunum Sjávarklasans, sem nemur um 4,2 milljörðum króna. Ekki er til nákvæm

sundurgreining á því hversu stór hluti þessarar veltu kemur frá útflutningi en samkvæmt samtölum við forsvarsmenn fyrirtækjanna má áætla að það sé að meðaltali um 80-90%.

Stærstu veiðarfæra-, umbúða- og hverfisteypufyrirtæki landsins hafa þróað margvíslega nýja tækni í sinni framleiðslu. Það má með sanni telja þessi fyrirtæki með til tæknifyrirtækja þar sem þau hafa þróað margvíslega tækni og búnað sem er á heimsmælikvarða. Þetta eru m.a. fyrirtækin:

Hampiðjan
Ísfell
Samhentir/Kassagerð
Oddi/Prentmet
Sæplast
Promens
Borgarplast

Varasamt að einblína á opinberar tölur

Þessar tölur um aukin umsvif tæknifyrirtækja í haftengdri starfsemi á Íslandi eru vísbending um þau tækifæri sem eru í þessari grein. Um leið sýna þær einnig hversu varasamt er að horfa einungis til opinberra útflutningstalna sem viðmið um umfang ólíkrar starfsemi. Samkvæmt tölum Hagstofunnar var útflutningur véla frá Íslandi um 14 milljarðar á árinu 2017. Þessar tölur segja í sjálfu sér afar lítið þar sem mörg þeirra fyrirtækja, sem hér eru skoðuð, stunda umtalsverða alþjóðastarfsemi, sem skilar sér á margan hátt inn í hagkerfið, en koma ekki fram í útflutningstölum Hagstofunnar. Í því sambandi má nefna skatttekjur af alþjóðastarfsemi, umtalsverða rannsókn- og þróunarvinna, kaup þessara fyrirtækja á margháttaðri innlendri ráðgjafarvinnu og starfsemi höfuðstöðva hérlendis svo eitthvað sé nefnt.

Hvernig á að meta þau efnahagslegu áhrif sem alþjóðleg starfsemi fyrirtækja á borð við Hampiðjuna og Marel hafa hérlendis. Mikilvægt er að gerð sé úttekt á þessum áhrifum þar sem áfram verður annars hætta á að alþjóðavæðing tæknifyrirtækja verði ekki skilgreind sem „eins“ verðmætiskapandi fyrir Ísland eins og sala á þorskflökum eða súráli er! Reyndin er að öllum líkindum sú að virðisauki þessarar starfsemi er ekki síðri og jafnvel umtalsvert meiri.

Ný sprotastarfsemi kemur fram

Tækni, sem stundum er kennd við fjórðu iðnbyltinguna (AI) er án efa í fáum tæknigreinum hérlendis jafn áberandi eins og í tæknigreinum sjávarútvegs. Þessi tækni er klárlega að verða stöðugt fyrirferðarmeiri hjá tæknifyrirtækjunum enda getur hún leitt til umtalsverðrar hagræðingar fyrir sjávarútveg og fiskeldi um allan heim. Hér er meðal annars um að ræða tækni þar sem tölvusjón er beitt til margvíslegs eftirlits þar sem áður þurfti mannskap til, og víðtæk nýting stöðugt þróaðri róbóta.

Nú skjótast upp á yfirborðið áhugaverð fyrirtæki, sem án efa verða meira áberandi á næstu árum; fyrirtæki sem vinna með rekjanleikataekni, rafskip og umhverfislausnir. Hér má nefna Klappir, Greenvolt, Navis Electric, Controlant og Seafood IQ.

Eins og áður hefur komið fram í greiningum Sjávarklasans má rekja margháttada yfirburði tæknifyrirtækja og styrk þeirra í samkeppni á alþjóðavísu til innlendra útgerða og samstarfs við innlendar rannsóknarstofnanir. Íslenskur sjávarútvegur hefur búið við það lán að öflug fyrirtæki hafa viljað fjárfesta í nýrri og framsækinni tækni sem orðið hefur grunnur að uppgangi tæknifyrirtækjanna.

Útgerðarfyrirtækin hafa meðal annars skynjað að gæði og rekjanleiki eru að verða stöðugt mikilvægari í fiskvinnslu og í raun í öndvegi nú um stundir. Í þessum efnum er samstarf íslenskra tæknifyrirtækja og útgerða að skapa mjög áhugaverð tækifæri til að upplýsa neytendur mun meira um hvaðan fiskurinn kemur, hvenær hann var veiddur o.s.frv.

Áskoranir framundan

Áskoranir tæknifyrirtækjanna á næstu misserum verða meðal annars að standast samkeppni í lausnum fyrir sjávarútveg og fiskeldisiðnaðinn. Þar hafa þessi fyrirtæki nokkuð sterka stöðu. Erfitt er að meta hvort endurnýjun á skipakosti í Rússlandi muni smitast hratt til annarra landa. Það er alls óvíst. Með upptöku kvótakerfis að íslenskri fyrirmynd er líklegt að krafa um hagræðingu aukist og útgerðir víða um heim stækki og eflist. Styrkur íslensku tæknifyrirtækjanna á Rússlandi og Noregsmarkaði var ekki síst sá að veiðar eru svipaðar og hérlendis. Íslensku fyrirtækin eru þó fljót að aðlagast og geta ugglaustr tekist á við margar áskoranir í þeim efnum.

Þrátt fyrir að tæknifyrirtækin hafi verið að sameinast og stækka umtalsvert þá er að okkar mati ástæða til að halda áfram á þeirri braut. Fjölbreyttar lausnir, sem teygja sig yfir í ólíkar greinar sjávarútvegs og fiskeldis, eru afar þýðingarmiklar fyrir þessi fyrirtæki. Þannig eiga þau auðveldar að takast á við sveiflur sem verða óhjákvæmilega í ólíkum greinum og á ólíkum svæðum. Þessi fyrirtæki eru einnig í mikilli samkeppni á alþjóðamarkaði sem krefst enn aukinnar orku í markaðssetningu og þróunarvinnu. Stór verkefni kunna að vera framundan á Asíumarkaði, Miðausturlöndum og víðar sem krefjast mikillar markaðsvinnu og fjárfestinga.

Höfundar skýrslu Þór Sigfússon og Berta Daníelsdóttir, veita nánari upplýsingar í síma 577-6200. Söfnun gagna var í höndum Elena Leshchykova.